

Norðurþing

b.t. sveitarstjóra og þess er málið varðar
Kaupfélagshús
640 Húsavík
nordurthing@nordurthing.is

Dagsetning: 19. ágúst 2026

Erindi: Stjórn Leikfélags Húsavíkur óskar eftir að fá að sitja fund með Skipulags- og framkvæmdaráði Norðurþings sem fyrst. Okkar megingiltgangur með samtalinu er að fara þess áleit að stjórnarsýslan taki ákvörðun um að láta vinna **heildstæða og tímasetta endurbóta- og viðhaldsáætlun fyrir samkomuhúsið að Garðarsbraut 22 á Húsavík, bæði að utan og innan.**

Horft um öxl og staðreyndir og heimildir skoðaðar.

Samkomuhúsið að Garðarsbraut 22 er menningarsögulega mikilvægt hús sem reist var árið 1928 og fullklárað árið 1932. Það hefur lengi gegnt lykilhlutverki í félags- og menningarlífi Húsavíkur.

Samkvæmt því sem við komumst næst án þess að finna heimildir eru um það bil 30 ár síðan húsið var málað að utan síðast. Vísbendingar eru um endurnýjun þaks árið 1993, þó ekki finnist öruggar heimildir fyrir því. Hugrenningar iðnaðarmanns um veður og dagsetningu, krotaðar á sperru í þaki hússins er skýrasta heimildin sem við höfum fundið.

Hugur virðist hafa verið innan stjórnarsýslunnar 2015. Samkvæmt húsakönnun sem Arnhildur Pálmadóttir arkitekt vann það ár, að beiðni Skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings, kemur fram að húsið tengist með afgerandi hætti skóla-, íþrótt-, kvikmynda-, leiklistar- og félagsmálasögu Húsavíkur. Í þeirri húsakönnun er byggingin talin hafa mikilvægt gildi fyrir götummynd Garðarsbrautar og lagt er til að hún njóti hverfisverndar vegna menningarsögu, byggingarlistar og umhverfisgildis.

https://husaskraning.minjastofnun.is/Husakonnun_179.pdf

Við skipulagsvinnu á Öskjureit/Búðarvelli sama ár kom fram skýr vilji stjórnarsýslunnar að varðveita Samkomuhúsið og jafnframt var gert ráð fyrir að óháð úttekt yrði gerð á burðarvirki þess. Ekki finnast heimildir um niðurstöður þessarar úttektar en í fundagerð er tekið fram að taka þyrfti afstöðu til þess hvort **lagfæra ætti húsið eða endurreisa það í svipaðri mynd**. Enn stendur samkomuhúsið og engin áform virðast vera um viðhald, breytingar eða það að rífa eigi húsið. Í ljósi aldurs hússins, lélegs viðhalds í áratugi og núverandi stöðu teljum við afar brýnt að ræða ástand, skoðun/mat og langtímaáætlun um viðhald og endurbætur á húsinu.

<https://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefing-efni/fundargerdir/skipulags-og-byggingarnefnd-nordurthings/815>

Horfum fram á veginn. Ef það er vilji, þá finnst leið.

Í kaflanum „svæðisbundar áherslur“ á blaðsíðu 31 í aðalskipulagi Norðurlands 2025-2045 er ein setning um samkomuhúsið og þar stendur, „Að marka stefnu um gamla samkomuhúsið til langs tíma lítið.“

<https://skipulagsgatt.is/files/ae9926e8-fa64-4bd2-ab0a-7fd89932262c>

Nú köllum við eftir virku samtali um það sem þessi setning segir og vonandi koma raunhæfar hugmyndir, leiðir og lausnir út úr því samtali. Við lítum á Garðarsbraut 22 sem samkomu- og menningarhús allra íbúa Norðurlands. Við trúum því að með samstilltum aðgerðum getum við gert húsið meira aðlaðandi og eftirsóknarvert til notkunar fyrir fjölbreytta menningu, Norðurlandi öllu til heilla.

Í dag hefur notkun á húsinu aukist og er það stefna okkar í LH að efla enn frekar okkar notkun á því, sem og annarra. LH sýndi 20 sýningar fyrri hluta árs fyrir næstum fullu húsi. Á vordögum varð til nýtt félag í samfélaginu sem heitir Tónlistarfélag Húsavíkur. Það mun hafa aðstöðu í húsinu með Leikfélagi Húsavíkur, og er þeirra búnaður til tónleikahalds og tónlistarflutnings frábær viðbót við endurnýjun og fjárfestingar okkar í LH með tækniþætti eins og ljós og hljóð. Það er allra vilji að það verði mikil samvinna og sátt milli þessara tveggja félaga.

Nú þegar hefur TH staðið fyrir tvennum tónleikum og þeir þriðju verða nú í þessari viku. LH á von á gestasýningu nú í september og erum við opin fyrir að fá fleiri slíkar. Skólarnir báðir eru komnir í startholurnar með sín árvissu verkefni. Það hefur verið meiri notkun á húsinu á þessu ári en mörg undanfarin ár og er það okkar vilji að auka notkunina enn frekar.

Við biðlum til ykkar sem eiganda og ábyrgðaraðila hússins, að leita allra leiða til að við getum tekið höndum saman og hjálpast að við að koma húsinu út úr þeirri vanrækslu sem er búin að vera ráðandi, til betra horfs. Húsið er ekki með góða húsheilsu og það mun ekki lagast af sjálfu sér. Fólk með viðkvæmni í öndunarfærum og óþol fyrir myglu og slíku veigrar sér við að starfa í húsinu og sækja viðburði. Það er staða sem við viljum breyta.

Okkur þykir nóg búið að tala og skipuleggja, nota tíma og peninga í góðar greiningar, fundi og hugmyndavinnu. Við verðum að byrja einhversstaðar á vinnunni og það helst núna. Ytra byrði hússins er tæplega boðlegt einn vetur til, hvorki fyrir okkur í LH, börnin í skólanum, ungmennin í P&B, gestaleikara, tónlistafólk né alla gestina sem koma og gleðjast með okkur. Verum hugrökk og leggjum af stað í vinnuna. Lagfærum samkomuhúsið og færum til betra horfs, það á skilið að því sé sýnd virðing og á skilið að ásýnd þess og innlit sé til sóma.

Stjórn Leikfélags Húsavíkur:

Helga Sveinbjörnsdóttir, formaður

Karen Erludóttir, ritari

Helga Sigurjónsdóttir, gjaldkeri

Unnur Lilja Erlingsdóttir, meðstjórnandi

Margrét Inga Sigurðardóttir, meðstjórnandi